

**Þingsályktun**

**um fráveitumál sveitarfélaga.**

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að hraða úttekt á ástandi fráveitumála sveitarfélaga. Kannað verði hvaða íslensk tækniþekking og útbúnaður er fyrirbyggjandi varðandi skolphreinsun, metinn kostnaður við úrbætur og hvernig auðvelda megi sveitarfélögum að standa undir honum. Áhersla verði lögð á úrbætur sem leysi fráveitumál byggðanna til frambúðar frá sjónarhóli umhverfisverndar.

*Samþykkt á Alþingi 10. mars 1992.*